

sýkn af kröfum stefnda Gísla Eiríkssonar í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Nr. 22/1901. Ríttstjóri Þorvarður Þorvarðarson.
 gegn
 rektor Birni M. Ólsen.

D ó m u r :

Mál þetta var höfðað í héraði af rektor latínuskólans Birni M. Ólsen eftir skipun landshöfðingja með gjafsókn og skipuðum talsmanni gegn ritstjóra blaðsins »Reykjavík« Þorvarði Þorvarðarsyni, fyrir meiðandi og móðgandi ummæli um hann í 1. árg. 25. tölublaði nefnds blaðs, sem út kom 7. nóv. f. á. Var það dæmt á bæjarþingi Reykjavíkurkaupstaðar 21. marz þ. á. með þeim úrslitum, að stefndi Þorvarður Þorvarðarson skyldi greiða 40 kr. sekt til landssjóðs, en til vara var hann dæmdur í 10 daga einfalt fangelsi. Svo voru nokkur hinna átöldu ummæla dæmd dauð og ómerk og stefndi skyldaður til að greiða stefnanda málskostnað með 20 kr., þar í talin málflytningu 12 kr. til hins skipaða málfærslumanns stefnanda, Einars yfirréttarmálaflutningsmanns Benediktssonar.

Þessum dómi hefir Þorvarður Þorvarðarson áfrýjað til landsyfíréttarins með stefnu, dags. 29. apríl þ. á., og krafist, að hann verði alsýknaður af kærum og kröfum stefnda í máli þessu, og að stefndi verði dæmdur til að greiða sér hæfilegan.

málskostnað fyrir báðum réttum eins og málið hefði ekki verið gjafsóknarmál fyrir hann. Stefndi rektor B. M. Ólsen hefir gagnáfrýjað málinu með stefnu dags. 1. júlí þ. á. og til þess fengið gjafsókn og skipaðan málfærslumann, og krafist aðallega, eins og fyrir bæjarþingi, að orðin í grein þeirri í nefndu blaði, sem áttalin er, sem sé: »Þetta er auðvitað hið allramildasta svar, sem auðið var að beita við jafnhrottalegan og þurslegan sleggjudóm«. — »Mennirnir gátu ekkert annað gert til að verja vísindalegan heiður sinn gegn röklausum sleggjudómi en að biðja menn að leggja engan trúnað á hann« — »hvort skólastjórum í öðrum löndum mundi líðast svona munnsöfnuður um þekkingu meðkennara sinna látum vér ósagt, en gætum betur trúað, að það séu fáir skólastjórar slíkt mikilmenni til orðs og æðis sem herra B. M. Ólsen« — verði dæmd dauð ómerk, eins og líka fyrirsögn greinarinnar: »Miklir menn erum við, Hrólfur minn«, og að aðaláfrýjandi verði dæmdur í sekt fyrir þau, svo og í málskostnað skaðlaust, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. En til vara hefir hann krafist, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur með sömu réttarkröfum um málskostnað og málfutningslaun til hins skipaða málfærslumanns.

Tilfnið til, að hin áttalda grein í blaðinu »Reykjavík« kom út, var það, að gagnáfrýjandi rektor B. M. Ólsen og 2 af kennendum latínuskólans höfðu, hinn fyrri í blaðinu »Þjóðólfi« og hinir síðarnefndu í blaðinu »Ísafold«, látið birta auglýsingu útaf nýútkominni stafsetningarorðabók, sem

ritstjóri Björn Jónsson hafði samið með aðstoð þessara kennara, og eru í nefndri grein í blaðinu »Reykjavík« viðhöfð þau ummæli um B. M. Ólsen, sem áður eru nefnd. En ummæli þessi eru eigi svo löguð, að gagnáfrýjandi, ef þau væru sönn, myndi vera óverðugur virðingar samþegna sinna né heldur hlytu þau að verða virðingu hans til hnekkis, og eigi verða þau heldur álitin svo móðgandi eða særandi fyrir hann, að þau sé refsingarverð, einkum þegar það er athugað, að þau eru eingöngu höfð um all-harðorðan órökstuddan ritdóm, sem gagnáfrýjandi hafði birt í blaðinu »Þjóðólfi«. Það verður því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Eftir þessum úrslitum verða hinum skipaða málfutningsmanni gagnáfrýjanda aðeins dæmd málfærslulaun í héraði, sem ákveðast 12 kr. og greiðast úr landssjóði; það vottast að málsfærslan af hans hálfu hefir verið lögmat.

Því dæmist réttt vera:

Aðaláfrýjandi Þorvarður Þorvarðarson á að vera sýkn af kærnum og kröfum gagnáfrýjanda rektors Björns M. Ólsens í þessu máli. Málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. Málsfærslulaun hins skipaða sækjanda fyrir bæjarþingsréttinum, Einars málaflutningsmanns Benediktssonar, 12 krónur, greiðist úr landsjóði.